



**Fegurðin, skynspekin, prósjektið og
fagurferði ráðasmiðsins**

Ingvar Jón Bates Gíslason

Ritgerð til meistaraþrófs í verkefnastjórnun
Master of Project Management (MPM)

12 ECTS einingar

Maí 2016



**Fegurðin, skynspekin, prósjektið og
fagurferði ráðasmiðsins**

Ingvar Jón Bates Gíslason

Hjálögð 12 ECTS eininga ritgerð uppfyllir kröfur til lokaprófs í meistaranámi í verkefnastjórnun við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og veitir gráðu verkefnastjóra

Master of Project Management - MPM

Maí 2016

Leiðbeinandi:

Haukur Ingi Jónasson,
lektor í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík

**Fegurðin, skynspekin, prósjektið og
fagurferði ráðasmiðsins**

Ingvar Jón Bates Gíslason

Hjálögð 12 ECTS eininga ritgerð uppfyllir kröfur til lokaprófs í meistaranámi í verkefnastjórnun við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og veitir gráðu verkefnastjóra

Master of Project Management - MPM

Maí 2016

Nemandi:

Ingvar Jón Bates Gíslason

Leiðbeinandi:

Haukur Ingi Jónasson

Deild:

Fegurðin, skynspekin, prósjektið og fagurferði ráðasmiðsins

Ingvar Jón Bates Gíslason
Háskólinn í Reykjavík

Ritgerðin uppfyllir kröfur til lokaprófs í meistaranámi í verkefnastjórnun, MPM, við Háskólann í Reykjavík – Maí 2016

SAMANTEKT

Hlutverk fegurðar í verkefnastjórnun er lítið sem ekkert rannsakað. Frá aldamótum hefur vægi siðferðis aukist innan fræðanna, sér í lagi hvað varðar hlutverk verkefnastjórans. Út frá því skoðar höfundur hugtakið *fagurferði*, sem er nýyrði. Það vísar jafnt á huglægan sem hlutlægan hátt á gildi, viðmið, skynjun og ímyndun. Komið er inn á aðferðarfræði kennda við rússneska leikhúslistamanninn Michael Chekhov (1891 - 1955) í því samhengi.

Höfundur tók einnig meigindleg viðtöl við þrjá listamenn á mismunandi sviðum um margbreytileika fagurferðisins og erindi þess við verkefnastjórnun. Niðurstöður benda til að *fegurðin* sé vanmetin þáttur innan verkefnastjórnunar og skerpa megi á fagurferði verkefnastjóra.

Lykilorð: fegurð, fagurferði, skynjun, ímyndunarafl, innsæi, náttúra, sjálfbærni (umhverfing), verkefnastjórnun, verkefnastjóri.

ABSTRACT

The concept of beauty in the context of project management has scarcely been analysed. In the past few years increased emphasis has been given to ethics within project management, especially where it concerns the moral responsibilities and choices faced by the project manager.

From this perspective the author explores the concept of aesthetic equally subjective as objectively within values, norms, perception and imagination. The methodology of the Russian theater artist Michael Chekhov (1891-1955) will be discussed and applied within this context. The author undertook qualitative interviews with three different artists on the complexity of aesthetics and its potential for project management. Results suggest that beauty is an underestimated component within project management and the aesthetic flair of the project manager can be sharpened.

Keywords: Beauty, Aesthetics, Perception, Imagination, Intuition, Nature, Sustainability, Project Management, Project Manager.

1. INNGANGUR

Fegurðarhugtakið í samhengi verkefnastjórnunar og verkefnastjóra er næsta ókannað. Huglægar snertifletir annara fegurðarhugtaka, svo sem *fagurferðis*, og verkefnastjórnunar eru óljósari en þeir sem siðfræðin gárar og hrærir innan verkefnastjórnunarfagsins.

Siðferði er ekki til í hlutunum sagði organistinn í Atómstöð Halldórs Laxness.¹ Hvað um *fagurferði*? Er hægt að gera kröfu á verkefnastjóra að hann breyti rétt fagurferðilega líkt og siðferðilega? Í ritgerðinni er sýnt fram á að maðurinn sé *fagurferðisvera* á sama hátt og *siðferðisvera* og hann beri *fagurferðilegar* skyldur á herðum sér til handa umhverfi sínu og samferðamanna líkt og siðferðislegar skyldur. Í rannsókn þessari er spurt með skerpu eftir *fagurferði*, það er fagurferðilegum viðhorfum og gildum ráðasmíðsins er aftur bergmála siðferðileg gildi þau er hafa gerst áleitnari innan verkefnastjórnunar síðustu ár. Leitað er til sérkunnáttu og færni þriggja listamanna er hafa skapað fjölbreytt og viðurkennd listaverk; verkefni með menningarlegri skírskotun af aga og festu en þó fjarri reglu fræðilegrar verkefnastjórnunar. Samræðan hverfist um hið óhlutbundna; *fegurðina*, *yndið* og *handverkið*. Eins *ídealið* innan fegurðar; hið góða, *góð-verkið* í samhengi við umhverfi verkefnisins og sjálfbærni þess; *fegurðin* í því að bæði *skapa* verkefni og *leiða* verkefni farsælega til lykta; að búa verkefni bestu fagurferðilegri umgjörð sem lifir. Verkefnastjórnun fékk með öðrum orðum heimspekilega innsýn hins *skáldlega* og *tilfinningalega*.

Í titli ritgerðarinnar kemur orðið *ráðasmíður* fyrir sem nýyrði yfir verkefnastjórnann sem *fagurferðisveru* er leiðir og stýrir verkefnum og verkefnateymum. Innst inni blundar þráin að afhelga verkefnastjórnun áru tæknihyggju og jarðtengja við náttúruna, og hleypta fegurðinni inn.

Um gildi þess að hafa röð og reglu á hlutunum og fara rétta röð að hlutunum

Listin gengur út á flæði, að kunna að fanga óvissuna, að halda leiðum opnum, meðan klassísk verkefnastjórnun gengur út á bestun, halda gæðastaðla, loka kerfisbundið leiðum um leið og að opna á aðrar leiðir. Liggur þversögn milli sérkenna rökréttar kerfishugsunar, rökfestu og eðlislægs fyrirsjáanleika verkefnastjórnunar með eigin skýrt mótuðum ferlum og stöðlum, og sérkenna skapandi greina sem treysta innsæinu og fylgja hinu óþekktu? Dyr í huga brunaverkfræðings er skýrt afmarkað fyrirbæri, í raun ekkert annað en gátt með hurð sem er ýmist opin eða lokuð en jafnan flóttaleið og því eld- og reykþétt eftir viðeigandi stöðlum, auk þess sem brunaverkfræðingurinn dregur rökrétta ályktun í hvaða átt er líklegast flúið. Dyr fyrir arkitekt eru hinsvegar afar mikilvægur hluti rýmisskynjunar- og vitundar; það að ganga gengum dyr er sú athöfn að stíga úr einu rými í annað, í senn táknræn og gildishlaðin athöfn.

Rómverjar nefndu jafnvel Janus guð dyra, og vel eru þekktir sigurbogar þeirra og borgarhlíð. Þessi athöfn að stíga úr einu rými í annað, úr einni tilveru í aðra hefur verið eitt af grundvallarviðfangsefnum byggingarlistar frá örófi. Þegar brunahönnuður segir við arkitekt „ég ætla að setja hurð á miðjum gangi vegna þess að þaðan er ákveðin fjarlægð frá útihurð, en hún má standa opin og aldrei vera farartálmí“, er ekki nema eðlilegt að arkitektinn verði ráðvilltur. Þessir tveir einstaklingar hafa báðir góðar ásetningar og gætu reynt að útskýra hvorum öðrum þær með orðum, en sitja uppi með það að nota til þess tvö ólík tungumál.³

¹ Halldór Laxness, *Atómstöðin*, 1987, s. 119.

³ Indro Candi.

2. FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Verkefnastjórnun er á vissan hátt skilgetið afkvæmi nýaldar og tæknihyggju. Út frá þeirri sýn er áhugavert að spegla merkingarbærni fegurðarhugtaksins við náttúruna sem við erum hluti af, að meðtöldum verkefnastjóranum. Henry Alexander Henrysson heimspekingur og siðfræðingur leggur út af ákveðnum þræði aristótelískrar heimsmyndar, að heimurinn sé „...cosmos, náttúruleg skipan sem endurspeglar þau gæði sem allir hlutir stefna að, og sem hugsun okkar getur, þegar henni er rétt beitt, orðið hluti af og þátttakandi í. Við erum hluti af þessari náttúru þegar við leitumst við að nálgast þau gæði sem náttúra okkar fær okkur til að sækjast eftir.“ Henry bætir við:

Skynseminni er ætlað að afhjúpa ákveðnar forsendur í óreiðunni án þess að hrapa inn í merkingarleysi gildissnauðrar náttúru. Markmið náttúruþekkingar verður að læra hvenær og við hvaða aðstæður náttúran talar beint til okkar og átta sig á því að röddin kemur að innan. Spinoza átti hugtak yfir slíka þekkingu: *innsæi*. Fjarlægðin - skrefin - milli þess sem skilur og viðfangs hans hverfur. Innsæið (*scientia intuitiva*) er um náttúruna sem okkur sjálf.⁴

Merkingarbærni fegurðarhugtaksins nær aukinni skerpu í tengslum við hugtak Páls Skúlasonar, *Umhverfing* í samhengi mannfólks, sjálfbærni og náttúru:

[hvort]...fegurðarhugtakið sé upprunalega sprottið úr sambandi mannsins við náttúruna og listræn fegurð (eða öll önnur fegurð) sé eins konar afkvæmi náttúruþekkingar (eða stórfengleika náttúrunnar). Og hugmyndin um náttúruþekkingu er einmitt ekki fyrst og fremst það sem við getum kallað „fegurðarhugtak áhorfandans“ þar sem lögd er áhersla á að meta með rökrænum og greinandi hætti atriði á borð við innri samhljóm, jafnvægi eða harmóníu, einhver hlutföll sem falla að ákveðnum formúlum - heldur er kjarni hugmyndaþinginn um náttúruþekkingu *virðing* og *lotning*, það er að finna til smæðar sinnar gagnvart náttúrunni sem heildar sem vitundin nær ekki rökrænum og greinandi tókum á.⁵

Fegurðin skilgreind

Fegurð er grunnhugtak innan estetíkur. Jafnan er talað í kringum fegurðina gegnum samheiti, hvort heldur jákvæð eða neikvæð, sem raðast innan rófs hins platónska heims hugmyndanna er afmarkast af *hinu góða* og *illa*; hið glæsilega (e. magnificent), gróteskan (e. grotesque), andstyggðin (e. the odious), hið háleita (e. the sublime), dekadens (e. decadence) og hið spjátrungslega (e. dandy) svo nokkur séu nefnd.⁶ Þess vegna er oft talað um *estetíkina* í mjög víðu samhengi til jafns við *fagurfræði*. Hugtakið *skynspeki* er viðleitni til að ná megi betur utan um upplifanir og gildi manneskjunnar eða verunnar sem hugtakið *fagurfræði* nær ekki utan um.⁷ Hugtakið *fagurferði* er önnur viðleitni í þá veru að ná til botns þess sem margir nota hugtökin *estetík* eða *fagurfræði* yfir; það er víðara og hittir okkur fyrir djúpt í siðferðisvitundinni. Það nær yfir *eðli* og *gildi* fegurðar og beinir athygli að fegurðarskyninu.⁸ Í raun fjallar

⁴ Henry Alexander Henrysson, *Natura docet*, s. 32 - 33.

⁵ Páll Skúlason, *Umhverfing*, 1998, s 88 - 89.

Úr samræðu Páls og Björns Þorsteinssonar heimspekings.

⁶ Eco, *On Ugliness*, 2007, s. 16.

⁷ Hlynur Helgason, heimspekilistamaður stakk upp á orðinu *skynspeki* árið 2010. Það undirstrikar eiginleika og inntak fegurðarhugtaksins sem skynjun í stað hins rökhelda og rökgreinda.

⁸ Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, pistill í HA – Rit um íslenska hönnun og arkitektúr. Skilgreining Guðbjargar byggir á frumspekilegri nálgun fyrirbærafræða á fegurð.

fagurfræði um fagurferði á sama hátt og siðfræði fjallar um siðferði.⁹ Ólafur Gíslason listheimspekingur heldur því raunar fram að *fagurfræðin* hafi liðið undir lok strax upp úr aldamótunum 1900: „sem þeirra vísinda um hið fagra í sjálfu sér, sem höfðu orðið til með vísindabyltingunni á 17. og 18. öld.“¹⁰

Fagurfræði ber í öllu falli þrengri skírskotun í sér, um merkingu, listsköpun, listgildi verka, áhrifamátt þeirra auk þýðingu listarinnar fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið. Þá tengja orðsifjar gríska orðið aestheisis við *skynjun* og *skilning* sem gefur fagurferðihugtakinu inntak og anda.¹¹ Í sögulegu samhengi hefur því *estetíkin* skipst í þrengra mengi *hins hlutlæga* – fræðilega, fagurfræðin sem greindi listaverk og þróun listheimsins, og í víðara mengi *hins huglæga* – upplifana.¹² Fagurferðið fellur undir hið huglæga, *viðhorf*, *gildi* og *upplifanir* (e. experiences) mannsins innan aðstæðna sem hann gengur inn í hverju sinni, innan *umhverfi síns*, *andrúmslofts* og *anda*.¹³

Grunngildi fagurferðis innan klassískrar heimspeki eru hugtök á við *einingu*, *samhljóm*, *jafnvægi* og *samhverfu*. Fagurferði og siðferði tengjast huldum böndum; hið *fagra* gegnum sjónskynun og hið *góða* gegnum vitsmuni og rökhugsun.¹⁴ Samkvæmt Platón stendur maðurinn jöfnum höndum frammi fyrir fagurferðilegu vali rétt eins og siðferðilegu. Á tímum tæknihyggju hefur fagurferði færst nær vitsmunalegri (tæknilegri) *rökhyggju*, *hlutverki skynseminnar*, á kostnað reynslu-, og raunspeki, það er *raunhyggju* og *tilfinninga hins sveitta synduga holds* (hlutverki reynslunnar). Juha Varto bendir á hvernig fegurðin afhjúpar heiminn er jafnframt kemur upp um *leikni* (e. skills) mannsins, *reynslu* hans, *þekkingu* og *samræðu* (e. discourse) um efnið sem öðlast *einingu* (e. unity) í *hinu góða* (gæskunni, manngæskunni). Vísindi tæknihyggjunnar afhjúpa í þessu samhengi aðeins parta, aldrei heildina, ólíkt fegurðinni. Samkvæmt Platón er *hið fagra* (e. beauty) staðsett innan ákveðins rófs fagurferðilegra venslahugtaka; *samræmi* (e. harmony) og *sophrosyne* sem erfitt er að yrða á jafnt ensku sem íslensku, það er *hlutföll* (e. proportion), *skynsemi* (e. rationality) og *hófsemi* (e. moderation). Öll hugtökin þrjú skapa saman æðsta form allra hugtaka; *hið góða* (e. the good) er skipar kjörsæti í allri hugsun Platóns.¹⁵ Á þennan hátt er hið góða og hið fagra eitt og hið sama fyrir Forngríkkjum. Á sama hátt er *fagurferði* og *siðferði* samtvinnað; allt sem er gott opinberast fyrir okkur sem fagurt. Við greinum til að mynda sjaldnast manneskju eingöngu sem fagurferðilegt fyrirbæri, eða út frá fegurðinni einni heldur einnig eftir siðferðilegum viðhorfum manneskjunnar.¹⁶ Á þennan hátt er lífandi manneskja ávallt fegurri en nokkur ímynd eða draumaútgáfa af manneskju, en um leið nær fyrirmyndinni (e. ideal) en nokkur drauma-ímynd (ideal image). Að fagurferðið skuli deila farrými með siðferðinu, ef svo má að orði komast, bjargar það *hinu fagra* frá handahófskenndu

⁹ Hugtakið *fagurferði* er enn nýrra og hefur nýlega birst í bæði masters- og doktorsritgerð. Hugtakið *fagurferði* birtist fyrst í blogg færslu Njarðar Sigurjónssonar.

¹⁰ Ólafur Gíslason, *Múslimar og hestar á leiksviði listarinnar*, s. 218.

Ólafur telur þessi endalok fara saman við blindgötu frumspekinnar í myndlistinni, þ.e. rofi á milli myndar og veruleika, handverks og hugverks, forms og inntaks, og tæknilegrar framleiðslu og fagurfræðilegra gilda. Þessi endalok má sjá í verki Marcel Duchamps, *Fountain* frá 1917 og verkinu *Brillo box* eftir Andy Warhol frá 1964 en þau grófu undan fagurfræðilegu mati listaverksins þar sem hversdagsleg iðnaðarvara fékk stöðu *ready-made* listaverks og hinu listræna handverki var varpað fyrir róða. Sama rit, s. 217 - 218.

¹¹ Íslenska alfræðiorðabókin.

¹² Varto, *The Art and Craft of Beauty*, 2008, s. 13.

¹³ Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Hugleiðing um fegurð, *HA – Rit um íslenska hönnun og arkitektúr*, 2015.

¹⁴ Varto, *The Art and Craft of Beauty*, 2008, s. 16. Heimspekingurinn Juha Varto er einn virtasti sérfræðingur finna innan fyrirbærafræða. Hann er rannsóknarprófessor í sjónlistum og listkennslu við Aalto-listaháskólann í Helsinki en rannsóknir hans hafa byggt undir framþróun listkennslu í Finnlandi.

¹⁵ Sama rit, s. 19 - 23.

¹⁶ Sama rit, s. 29. Frumtextinn sem Varto styðst við er úr Symposium Platóns eða Samdrykkjunni á íslensku sem er eitt Lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags í þýðingu Eyjólfis Kjalars Emilssonar.

ofmati manna á feegurð, það er lausbeislaðra skynjana skynfæranna á feegurð.¹⁷

Guðbjörg Jóhannesdóttir hefur þetta að segja um hugtakið feegurð:

Flestum dettur eflaust fyrst í hug að feegurð sé afstæð og huglæg; „hverjum þykir sinn fugl fagur“ og feegurðin er einungis í auga þess sem skynjar hana. Feegurð er hér skilin sem smekksatriði; það sem mér finnst fallett finnst öðrum kannski ljótt. Sumum dettur ef til vill í hug að feegurð sé falin í ákveðnum hlutlægum eiginleikum, réttum hlutföllum og formi, til dæmis gullinsniði. Þessar hugmyndir um feegurð eiga rætur sínar að rekja til vestrænnar hugmyndasögu og ef til vill er eitthvað við feegurðina sem kallar á þessar hugmyndir. Feegurðin er á einhvern hátt huglæg; hún er persónuleg, tilfinningaleg og oft og tíðum djúp reynsla sem snertir við innsta kjarna okkar. En hún er líka á einhvern hátt hlutlæg, því það eru sannarlega eiginleikar „þarna úti“ í veruleikanum sem framkalla þetta huglæga viðbragð. Þennan vanda hafa heimspekingar lengi reynt að skýra en þrátt fyrir að þeim hafi tekist að varpa ljósi á hvernig feegurðin liggur á milli þess huglæga og hlutlæga (til dæmis með fagurfræðikenningu Immanuels Kant) hefur það ljós ekki náð að skína á almennar hugmyndir um feegurð sem eru enn oft litaðar af aðgreiningunni á milli þess huglæga og hlutlæga. ... Í stað þess að víkka út feegurðarhugtakið var það eins og áður segir sett út á jaðarinn í fagurfræði 20. aldar og þótt feegurðin hafi verið endurvakin að einhverju leyti innan heimspekilegrar fagurfræði er hún enn jaðarsett á þann hátt að hún er smættuð niður í útlitsdýrkun og skilin sem yfirborðsútlit sem við eigum öll að vera upptekin af. Þessi smættun leiðir til þess að hugmyndum okkar um hvað telst til dæmis fallegur líkami eru settar skorður og við gleymum feegurðinni sem felst í fjölbreytileikanum; fatlaðir eða feitir líkamar teljast til dæmis ekki til fallegra líkama samkvæmt takmörkuðum útlitsdýrkunarstöðlum. Feegurð er þó mun dýpri en yfirborðsútlit; hún kemur innan frá, teygir sig út og skapar tengsl (eða gerir okkur meðvituð um þau). Í raun hefur feegurð – sem slík reynsla sem á þátt í að gera okkur mennsk og gegnir mikilvægu hlutverki hvað varðar lífsgæði okkar – yfirleitt ekki verið til umræðu í samfélaginu.¹⁸

Fullnægjukennd okkar eftir yndisþörf leynist allstaðar. Henni er mætt á því augnarbliku sem iPhone farsími okkar hringir sínu eigin klassíska gullinsniði og samhverfu. Feegurð innréttinga og innanstokksmuna Gallerí Reustaurant á Hótel Holti mætir gesti er sest að snæðingi í makindum innan um einstæð málverk úr safni hótelsins, neytir fransks matar en á síður von á að vera etinn sjálfur. Undirmeðvitundin skynjar með öðrum orðum feegurð hins vinalega umhverfi sem jafnvægi, fjarri óreglulegu. Við treystum róandi umhverfi sem telst menningarlegt.

¹⁷ Sama rit, s. 29. Enski frumtextinn er eftirfarandi: *The reason for such a sharp distinction between the ideal image and the ideal lies with the inadequacy of visual sensory information in ethical analysis. The binding side of beauty is not revealed to the eye, but it is comprehensible in the actions of a living human being. Therefore, a living human being is always more beautiful than any image and closer to the ideal than any ideal image.*

¹⁸ Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Hugleiðing um feegurð, HA – Rit um íslenska hönnun og arkitektúr, ágúst. 2015.

Fegurðin skynjuð

Þróun skilningavita mannsins og þar með skynjun hans á fegurð tók siðmenningarlegt stökk við upphaf nýsteinaldar, úr hirðingjasamfélagi í bænda-, og akuryrkjusamfélag. Föst búseta í afmörkuðu *nær*-umhverfi jók vægi sjón- og lyktarskynjunar sem þróaðist og jókst í hlutfalli við heyrnarskynjun. Stóraukið vægi fagurskyns mannsins hélst því í hendur við breytt umhverfi. Hirðinginn varð í raun einhverskonar frummynd verkefnastjóra eftir sem hann hóf að *projektera*, tók sér fasta búsetu, skipulagði akurinn, ræktaði nytjaplöntur og tamdi húsdýr. Verkefnin urðu fleiri, áformin stærri sem og áætlanir.¹⁹ Maðurinn hóf að temja sér lífsviðhorf sem féllu friðsamlega að umhverfi hans, það dró úr kollsteypum og neyð.

Skynjun fagurkerans Sigurðar Kristófer Péturssonar á fegurð íslenskrar tungu náðu til fagurferðilegra gilda á við *hrynjanda*. Rannsókn hans stóð yfir í tólf ár þrátt fyrir að Sigurður væri rúmliggjandi allan þann tíma á holdsveikraspítalaunum í Laugarnesi. Verkefnið mætti kalla *viðreisnarverk*, drifið áfram af *fegurð*. Forspjall Sigurðar að þessu eina stóra verkefni sínu ber ekki aðeins vitni um þrá eftir fegurð heldur um fagurferði dauðvona manneskju sem lifir fyrir fegurðina og sækir huggun í yndinu. Samkvæmt Sigurði bar fegurð hins fagra ritmáls að finna í háttarfarsreglum; fagurferðið mætti skerpa með *hendingaskilum*, *rómöldum*, *rómhæð* orða og *háttafari* hendinga. Formfegurð Heimskringlu liggur til að mynda í *þríliðuhendingum* en Njáls sögu *tvíliðuhendingum*. Forspjall Sigurðar lýsir klassískri fegurðatillifningu Íslendingasagna er yfir fegurðarþrána:

*Allt er hlutur, er hefir sýnileg víðerni. Fegurð sérhvers hlutar er að öllu leyti undir því komin, að hlutföll hans séu regluleg. ... Hlutir, er hafa ekki regluleg stærðarhlutföll, geta þó orðið til þrýðis, ef þeir falla inn í einhverja heild ... mætti til dæmis nefna hraun í héraði eða fjallgarð í fjarlægð. ... Aur og mold ... að mestu leyti gerð úr muldum kristöllum ... virðist ekki hafa nokkura lögunarfegurð, þá fljótt er á litið. ... Sama er að segja um krap. Það er gert úr sködduðum snjóflugum og iskristöllum ... Fegurð sú, er blasir við mönnum í ríki jurta, fer ekki forgörðum, fyrr en undafari dauðans, hnignunin, hefur starfs sitt... Upplausn spillir allri fegurð heildar, en sérhver gerill, er vinnur að upplausn, getur verið fagur.*²⁰

Listamaðurinn Auður Ómarsdóttir upplifir hinsvegar fegurð sem einhvers konar orku sem hún skynjar með öllum líkamanum:

Ég get sagt að ég finni fyrir litum og formum, tónlist og ástinni á sama hátt og ég finn fyrir fegurð. Mín kenning er sú að fegurð sé stór hluti af meðvitund sem lifir innra með manni og vaknar við innblástur. En fegurð er gildishlaðið hugtak sem margir hræðast og forðast að nota, sérstaklega í tengslum við myndlist. Róttækir raunhyggjumenn líta svo á að það sé ekkert til sem heitir fegurð, að hver og einn hafi aðeins persónulegan smekk. Það sem einum finnst fallett, finnst öðrum ljótt. Aðrir segja fegurð tengjst symmetríu og stærðfræði, að fegurð sé útreiknanleg eftir vissum formúlum. Þannig er talið að Pýþagóras hafi átt hugmyndina að svokölluðu gullinsniði, sem byggist á ákveðnu hlutfalli milli tveggja stærða, og á að vera mælikvarði á fegurð. Hlutfallið á að vera hægt að færa m.a. yfir í arkitektúr, myndlist og tónlist. Hugtakið fegurð hefur valdið mörgum hugarangri í gegnum aldirnar og hafa menn reynt að setja upp ýmsa staðla, haft ólíkar skoðanir eða mótmælt tilvist hennar jafnvel.

¹⁹ Sama rit, s. 14.

²⁰ Sigurður Kristófer Sigurðsson, *Hrynjandi Íslenskrar Tungu*, 1996, bls. 13 – 31.

Hugmyndalistamenn (e. concept artists) afneituðu t.d. handverkinu og vildu alls ekki vera bendlaðir við hugtakið fegurð. Það sem var fallett, var yfirboðskennt og sneytt vitsmunalegum áherslum, því listaverk byggðist aðeins á hugmynd. Umræða um fagurfæði í listum síðustu áratugi hefur snúist um það að hætta að tala um fegurð og ljótleika en beina athyglinni heldur að því hvað hvert verk þarf til að bera svo það geti talist listaverk. Fagurfræði listaverka nútímas er því í huglægari kantinum. Að mínu mati er listaverk sambland tveggja sjónarhorna, hugar og skynjunar, sem mætast á miðri leið og þá er eins og fegurð verði tilfinning, eða tíðni.²¹

Samkvæmt kenningum innan umhverfis- og félagssálfræði upplifir fólk ávallt náttúruna á jákvæðri hátt en hið byggða umhverfi. Það sem fólk hefur oftast dálæti á eða líður best að horfa á, eykst með flækjustigi (e. complexity) upp að ákveðnu marki; viðfangið sem horft er á má þó hvorki vera of einhæft né óreiðukennt. Það hversu opið eða lokað (e. enclosure / openness) rýmið hefur einnig verið rannsakað en flestum finnst opið rými þar sem hátt er til lofta fallelgra. Flestir hafa dálæti á ákveðnum hlutföllum. Við þráum um fram allt samræmi (e. coherence). Einhver munur er á milli fólks en hann hefur hverfandi vægi miðað við hvað fólk almennt telur. Rannsóknir benda á að við deilum alla jafna sameiginlegri upplifun á hvað sé *eftirsóknarverð (góð) fegurð*, eins að skilgreining á hvað teljist fagurt sé á þrengra rófi en margir telja í fyrstu; nefna mætti fráveru fegurðar á öllu rófinu jafnt borgarrýma og bygginga við Korputorg og Skeifu í því samhengi. Fegurðin, *hið góða* og *eftirsóknarverða* innan borgargæða sprettur af reynslu og þekkingu með þeim hætti að við kunnum að skapa *fagurt* rými og *fagrar* byggingar ef vandað er til verka. Reynsla eða *epistime platónista* er almennt mun algengara en smekkur eða *Doxa stóuspekinga* samanber enska orðtakið *Beauty is in the eye of the beholder*.²³

Fagurferðileg viðhorf og gildi er einkenna nálgun Michael Chekhov²⁴ hverfast kringum knippi hugtaka á við *PG*-in (e. Psychological Gesture) sem *holdga* eða líkamna sálræn átök karaktersins eða grunnvilja erkitýpunnar, með hvort heldur er stellingu eða snöggu látbrágði innan líkama leikarans. Eins athafnir á við *að geisla* (e. radiating) og *taka við* (e. receiving), *þenslu* (e. expanding) og *samdrátt* (e. contraction) og *afstöður* eða ímyndaðar miðjur sjálfsins; *hugsandi* (e. thinking), *skynjun* eða *tilfinningu* (e. feeling) og *vilja* eða *löngun* (e. willing). Chekhov telur í fyrsta lagi að *skilgreiningin* á fegurð eigi að lúta í lægra haldi fyrir *skynjuninni* á fegurð. Það sé að lokum *upplifunin* sem sé bæði afleiðing og niðurstaða skynjunarinnar.²⁵ Í annan stað fellur fegurðin samkvæmt Chekhov undir sambræðing *sáleðlislegra* (e. psychophysical) þátta. Eins að fegurðin samanstandi þannig af bæði góðum og slæmum hliðum, *réttu* og *röngu*. Fegurðin er sprottin í kjarna hverrar manneskju; fölsk fegurð stendur hinsvegar utan manneskjunnar; sýndarmennska er til að mynda neikvætt hlaðin fegurð, sama á við um *væmni*, *eigingirni* og *annan hégóma*;

Leikari sem þróar skynbragð á fegurð eingöngu til að gleðja sjálfan sig fóstrar aðeins yfirborðið. Markmið hans hlýtur að vera þetta skynbragð aðeins fyrir list sína. Ef leikarinn nær hinsvegar með æðruleysi að skilja á milli strengja eigin sjálfselsku og sjálfsdýrkunar og eigin skynbragðs á fegurð, þá er honum borgið.²⁶

²¹ Auður Ómarsdóttir, *Tíðni lífsins*, janúar 2013.

²³ Samtal við Rögnu Benediktu Garðarsdóttur, dósent í félagssálfræði við Háskóla Íslands.

²⁴ Michael Chekhov (1891 – 1931). Frænda leikritaskáldsins Antons Chekhov, rak leiklistarstúdíó í New York. Þar próaði hann áhrifamikla nálgun á leiklistarkennslu gegnum samband sáleðlislegra skynjana og ímyndana, það er sambandsins milli áreitis og skynjunar.

²⁵ M. Chekhov, *To the Actor*, 2002, s. 15.

²⁶ Sama rit, s. 15. Lausleg þýðing höfundar, en textinn hljóðar svo á frummálinu: An actor who develops a sense of beauty simply to enjoy *himself* fosters only a surface gloss, a thin veneer. His aim

Viðbragð þetta á rætur í sammannlegri vitund okkar samkvæmt svissneska sálgreininum Carls Jung sem fagurferðilegar frumgerðir, frummyndir eða frummynstur sem kallast erkitýpur (e. archetype). Þær spegla sammannlega reynslu okkar af veruleikanum, til að mynda í stríðsmanninum og elskhuganum.²⁸ Fegurðin nær framrás með hjálp systurhugtaka; *léttleika* (e. ease), *formi* (e. form) og *heild* (e. entirety). Þessi hugtök standa fyrir eiginleika eða hughrif sem leikarinn umbreytir í svita eigin líkama og mæli enda einu verkfæri hans á sviði.

must be to acquire this sense only for his art. If he is able to extract the string of egotism from his sense of beauty, he is out of danger.

²⁸ Listi af *egótýpum*, *sálartýpum* og *sjálfstýpum* Jungs með lýsingu á upplagi og eiginleikum þeirra er í viðauka. Listinn er hluti af kennsluefni Leiktækniskóla Magnúsar Jónssonar og Þorsteins Bachmann.

3. AÐFERÐARFRÆÐI RANNSÓKNAR

Við rannsókn þessa var beitt eigindlegri rannsóknaraðferð (e. qualitative research). Sú aðferð á aðdraganda innan viðtekens ramma túlkunarlegrar greiningar (e. interpretive paradigm) sem hið eigindlega rannsóknarefni byggir á og varðar eðli og gæði. Slík aðferðarfræði hentar best er ramma á inn verufræðilegan kjarna (e. ontology) viðfangsefnisins eða tilveru í samhengi við þekkingarfræðilega (e. epistemological) nálgun á reynslu og hugsun viðmælandans. Á þann hátt má spyrjast fyrir um undirliggjandi ástæður, skoðanir og uppsprettu á örvun viðmælandans. Þá er spurt *hvers vegna, hvernig og hverjir* séu áhrifavaldir í samhengi hlutanna. Að lokum býður aðferðin upp á ítarlega greiningu huglægari atriða.²⁹

Leitað var til þriggja listamanna sem eru þekkt hvert á sínu sviði. Þeir eru:

Kristín Gunnlaugsdóttir - myndlistarkona
Steinunn Knútsdóttir - leikstjóri og leiklistarfræðingur
Þorsteinn Bachmann - leikari

Fyrir þau voru lagðar þrjár opnar spurningar með hugtakið fagurferði í forgrunni sem þau röktu hverja af annari. Þau ræddu um fagurferðigildi innan viðfangsefna sem viðkomandi hafði tekið þátt í eða stjórnað. Spruningarnar voru efirfarandi:

- ***Hvernig finnst þér að hið fagurferðilega tengist verkefnastjórnun eða við verkefnastjórnann?***
- ***Hver eru þau fagurferðilegu viðmið sem eiga erindi við verkefnastjórnun?***
- ***Hvernig væri virðing fyrir þessum fagurferðilegu viðmiðum best tryggð í verkefnastjórnun?***

Viðmælendurnir þrír áttu almennt auðvelt með að skynja erindið þrátt fyrir hið nýja hugtak *fagurferði*. Þeir gátu hvort heldur er sett sig í spor verkefnastjóra eða tengt beint við nálgun verkefnastjórnunar sem þau höfðu öll reynt áður á einn eða annan hátt á eigin forsendum.

Fyrir hvern fund fékk hver viðmælandi sendan stuttan útdrátt úr fræðilega kafla ritgerðarinnar með rafpósti þar sem helstu hugtök voru útskýrð og sett í samhengi. Hvert viðtal hófst á stuttri upprifjun á fræðihugtökum, ekki síst hinu nýja hugtaki *fagurferði*. Að því loknu tóku viðmælendur til máls en höfundur skráði jafn óðum svörin niður. Höfundur bar loks texta hvers viðmælanda undir hann sem allir gáfu að lokum samþykki sitt fyrir í þeirri endanlegu útgáfu sem birtist undir kaflanum niðurstöður.

²⁹ M. Hennink, I. Hutter, A. Bailey, *Qualitative Research Methods*. 2011, s. 9 - 16.

4. NIÐURSTÖÐUR

Kristín Gunnlaugsdóttir - myndlistarmaður

Hvernig finnst þér að hið fagurferðilega tengist verkefnastjórnun eða við verkefnastjórnann?

„Fagurferði er ákveðin lífssýn, breytni eða atferli á því hvernig maður skynjar og sér lífið. Fagurferði, eða estetíkin gengur út á að virkja skynfærin á hærri tíðnisviði. Fagurferðið hefur ekkert með hugann að gera; það er bein skynjun sem tengist samræmi og lönguninni til að koma ákveðinni tilfinningu áfram til annara gegnum eigin vinnu og verkefni. Sem listamaður sleppi ég rökhugsun því hún er takmörkuð; hið fagurferðilega tengist skynjuninni er færir vellíðan, líkamlega og andlega; fagurferðið lýtur að ákveðinni þjálfun í að halda rökhugsun í skefjum sem annars eyðileggur, hindrar og tefur fyrir; þjálfunin beinist að því að læra að stökkva yfir þessa hindrun, frá dýrinu yfir í innsæið. Sá er kjarni málsins; fagurferðið er bein skynjun og löngun til að koma því til annara svo það skynjist beint.“

„Ég vinn einungis með rökhugsun sem blekkingu eftirá til að mynda í rauða veggteppinu [Mynd nr. 1]³⁰; hugur áhorfandans byrjar á að fyllast af skoðunum eftir að hann áttar sig á hvað gengur á; hann fjarlægist upprunalegu skynjun sína og festist í neti eigin skoðana og fordóma, en eftir að síbylja rökhugsunar gengur yfir nálgast áhorfandinn aftur upprunalega skynjun sína. Þar kristallast að rökhugsun er eitt og upplifun fagurferðisins er annað. Fagurferði og fagurfræði er af sama meiði, en kjarninn innst inni í manninum er þetta fagurferði.“

Hver eru þau fagurferðilegu viðmið sem eiga erindi við verkefnastjórnun?

„Skynjun á samræmi eða fegurð fara beint til áhorfandans sem upplifir skaparmyndina sem rauða orkusprengju; hann skynjar kraftinn vegna stærðar verksins og litar sem er yfirþyrmandi; upplifunin tekur yfir rökræna hugsun vegna þessarar brjáluðu orku. Áhorfandinn bakkar og skynjar að þetta eru *sköp* og myndar sér skoðanir, hann kjamsar á því hvort honum líkar verkið, miðar við skoðanir sínar, en leyfir vonandi eftir sem áður verkinu að dvelja áfram sem upplifun; skoðanir hans hrekja ekki hinar upprunalegu upplifun eða skynjun.“

„Fagurferðileg viðmið eru á þennan hátt *tengsl* við ákveðna *spennu*; *víxlmynd* er til að mynda spenna sem myndast af andhverfunni; náttúran hefur komið því við að ekkert er án skugga; sólin skín og myndar skugga, skín á eitthvað sem við túlkum sem fegurð en á sama tíma myndast skuggi sem gerir allar útlínur skarpari og við skynjum fegurðina betur. Fagurferðið er því óháð smekk, því hvort hluturinn sé í raun fagur; hluturinn er fyrst og fremst *viðfang*, eitthvað sem fjallað er um, það getur verið opið sár, ljótleiki, hvað sem er. Línan þar sem skuggi og ljós snertist er þessi *spenna* sem ég minntist á. Sólin varpar ljósi á eitthvað sem er fagurt í náttúrunni, til að mynda blóm, en skugginn er óhjákvæmilega partur af því. Við ásjónu verks af einhveru sem er fagurt þá skynjar áhorfandinn ekki fegurðina fyrr en hann hefur skynjað *skort* á fegurðinni, það er skuggglið verksins. Á þeirri línu starfa listamenn.“

Hvernig væri virðing fyrir þessum fagurferðilegu viðmiðum best tryggð í verkefnastjórnun?

„Innan listarinnar er þetta sjálfsagt gagnrýnin hugsun; hið vökula auga

³⁰ Viðmælendur völdu myndir máli sínu til stuðnings sem birtast í viðauka.

listamannsins fyrir hvernig hann vinnur sjálfur því hann ber einn ábyrgð á eigin verki. En hvernig getur hann sjálfur orðið sjálfsgagnrýnn? Ég álit að það sé ákveðið jafnvægi milli rökrænnar sjálfsgagnrýni eða hugrænnar gagnrýni, og á því að kunna að sleppa henni gersamlega; að beita rökrænt gagnrýnni hugsun og kunna að sleppa henni en þá nær maður í frelsið og gleðina.“

„Svo full virðing sé borin fyrir fagurferðilegum viðmiðum þá spilar listamaðurinn af kúnst á jafnvægi rökrænnar hugsunar og frelssis; frelsið er leiðin til innsæis og sköpunargleði, en þó það kunni að hljóma mótsagnakennt þá öðlast hann ekki þetta frelsi að fullu án rökhugsunar. Verkefnastjórinn verður því að kunna að nota rökhugsun eftir þessum reglum eða tækni sem listamaðurinn getur ekki verið án í sínu sköpunarferli. Þegar verkefnastjórinn verður flinkur getur hann sleppt rökhugsuninni; eða öllu heldur, hann ákveður hversu mikið rökhugsunin fær að stýra sér, hversu mikið hún grípur inn í flæðið því hættan við rökhugsun er að hún stíflar flæði. Ég treysti greind minni þó hún sé stopul, en innsæinu og fagurferðinu treysti ég þó enn betur. Það er engin töfralausn til þegar fagurferðið er annars vegar, en eftir stendur mikil púlvinna við að halda sér á réttum kili innan flæðisins; verkefnastjórinn þarf fyrst og fremst mikið þol og úthald svo hann megi stjórna, og treysta Guði.“

Steinunn Knútsdóttir - leikstjóri og leiklistarfræðingur

Hvernig finnst þér að hið fagurferðilega tengist verkefnastjórnun eða við verkefnastjórnann?

„Það að stýra leiksýningu fjallar um að skapa umgjörð í kringum sköpun margra; örvandi umhverfi, rými og kringumstæður sem umhverfi sameiginlegrar vinnu hópsins. Það koma margir aðilar að sviðslistaverkefnum, leikmynda- og búningahöfundar, ljósaönnuðir, tónlistarfólk auk leikaranna. Umhverfið hefur afgerandi áhrif á sköpunarkraft fólksins, en hlutverk leikstjórans líkt og verkefnastjóra er að leysa úr læðingi sköpunarkraft þeirra sem vinna við verkefnið. Ég er mjög meðvitað um þá þætti sem skapa örvandi umhverfi og góða stemningu. Bæði fjallar þetta um æfingarýmið sem unnið er í og þá stemningu sem ríkir þar en líka það sem er skipulagt í kringum vinnuna eins og sameiginlegir málsverðir eða vinnuferðir úr bænum. Máltíðin er einhverskonar ritual sem bindur fólk saman auk þess sem maturinn og samræðurnar orka á öll skilningarfærin. Á sama hátt hefur náttúran mjög örvandi áhrif á öll skynfæri og reynslan öll verður fagurferðileg sameign hópsins.“

„Þegar gengið er inn í skapandi rými verður hver og einn að vera vakandi því ekki er hægt að taka hvað sem er inn í rýmið. Ég hef litla þolinmæði þegar fólk kemur druslulegt til vinnu ekki endilega vegna þess að það sé *ljótt* til fara heldur að það er ómeðvitað og skeytingalaust um hvernig það orkar á umhverfi sitt og samstarfsfólk. Það er mér mikilvægt að samstarfsfólk mæti með bestu útgáfuna af sjálfum sér, þá skipta máli mjög grundvallandi hlutir eins og að þú sért hrein og snyrtileg til fara; fegurðin, öll þau atriði sem skynjunin kveikir hefur þýðingu í nánu samstarfi leikara á sviðinu.“ [Mynd nr. 2]

Hver eru þau fagurferðilegu viðmið sem eiga erindi við verkefnastjórnun?

„Í sköpun er vinna með ljótleikann alveg eins áhugavert og að vinna með fegurðina. Í sköpuninni eru ekki endilega einhver algild fagurfræðileg viðmið heldur gefur þú þér sem listamaður þínar forsendur. Þegar maður er að vinna með gróteskuna getur átt sér stað fagurferðilegur viðsnúningur sem þýðir að maður fer að sjá fegurðina í ljótleikanum. Listamaðurinn er ekkert alltaf að leita að fegurð; viðfangið, þar sem kjarni verkefnisins liggur, það sem þú ert að reyna að afhjúpa, verður viðmið fyrir það hvað sé gott eða eftirsóknavert, hvort sem það er gott eða ljótt í sjálfu sér.“

„Ef maður vinnur með eitthvað mjög *svart*, til að mynda *illsku*, þá getur það hent að inntak verksins getur haft áhrif á vinnuumhverfið, á líðan fólks. Þetta á við þegar er verið að vinna með siðferðilega eldfima hluti, erfiðar persónulegar sögur eða pólitíska hluti sem liggja ofarlega í umræðunni. Tilfellið er að leikarar gefa sig 100% á vald á sviðinu og eru á stundum tilfinningalega mjög berskjaldaðir í ferlinu. Persónan og leikarinn eru náteng og þá þarf leikarinn að standa vörð um sín eigin *fagurferðilegu* viðmið og finna leiðir til að jafna út þegar slagsíðan er nöpur, því ekki er hægt að ganga of nærri sér eða öðru fólki. Þú jafnar myrkur út með *birtu*, *hatri* með *ást*.“

„Þetta tengist líka inn í mjög grundvallandi þátt í sviðslistunum sem fjallar um dýnamík en við erum stöðugt að leita að einhverskonar mótvægi eða kontrapunkti. Í kómedíunni leitum við að harmleiknum og öfugt. Í vinnunni með leikurunum á gólfinu vinn ég meðvitað með hugmynd um kontrapunkt sem má kannski flokka undir *fagurferðilegt* viðmið; ef leikari fer *fram* hugsar hann *aftur*, ef hann fer *upp* hugsar hann *niður*; þetta eru grunntæknilegar forsendur eða lögmál sem sviðslistamaður vinnur með útfrá *rýmisdýnamík* og *nærveru* leikarans á sviðinu áður en nokkrar kringumstæður koma inn í „jöfnuna“.“ [Mynd nr. 2]

Hvernig væri virðing fyrir þessum fagurferðilegu viðmiðum best tryggð í verkefnastjórnun?

„Í verkáætlun er ég mjög meðvituð um ferðalagið sem ég er að leggja upp í og hvernig best megi skipuleggja það þannig að allir nái að njóta sín. Þar er mikilvægt að gefa líðan fólks gaum og hvernig maður getur skapað nærandi umhverfi sem byggir á trausti. Traust er grunnstoð í leikhúsinu og eitt af því fyrsta sem fengist er við í leiklistarnámi. Í traustinu speglast manngæska og hlýja. Allir listamenn leikhópsins verða að geta leyft sér að mæta í allri sinni mennsku og breyskleika í vissu um stuðning og skilning, en stundum er traustið ekki til staðar og þá getur myndast *kuldi*, togstreita og valdabarátta sem skapar *ójafnvægi*.“ [Mynd nr. 3]

„*Hlýja* og *gæska* er ein tegund af *fegurð* eða *fagurferðilegum* gildum sem eru í fyrirrúmi hjá mér. Að mínu mati er leikarar oftast mjög hlýir og gæskuríkir, þeir sýna hver öðrum vináttu og virðingu bæði í framkomu; snertingu og orðum. Annað sem skapar traust er gott skipulag og er það mikilvægt að öll ytri atriði séu örugg, tímaáætlanir standist og að sýn leikstjórans endurspeglar í verkáætlunni.“

„Þó skipulag sé mikilvægt þá er leikhúsið lífrænt og þarf möguleika á að geta brugðist við óvæntum snúningum í vinnunni og er nauðsynlegt að leyfa sér að taka áhættur og gera „mistök“. Ferlið ætti að laða fram það óvænta, eitthvað sem ekki var planað - þar liggur oftast galdurinn.“

„Ef þú vilt efla það lífræna í ferlinu og ýta undir innsæið þá þarf að ríkja traust, það þarf að vera gott skipulag á hlutunum því þá er hægt að gefa eftir og fylgja flæðinu. Listin er í eðli sínu lífræn, hættuleg, ný, mannleg; í list er erfitt að keppa og finnst mér það raunar ekki viðeigandi eða að sækjast eftir að verða bestur. Þú gætir takmarkað lífrænt flæði listsköpunarinnar ef þú hefur að markmiði að skora hátt í einhverjum flokki.“

„Þetta lífræna ferli sem gengur ekki síst út á að leyfa sér að meðtaka það sem býr í óvissunni laðar fram innsæi hvers og eins ekki síst hjá leikstjóranum sjálfum sem er stöðugt að hlera innsæið við alla ákvarðanatöku. Sem leikstjóri verður þú að kunna að skipuleggja og smíða heim í kringum verkefnið sem gerir ráð fyrir innsæinu og því lífræna og þá áætlun byggir leikstjórinn útfrá reynslu og rökhugsun. Ferlið býr yfir eigin dramaturgíu sem felur í sér stígandi og takt, uppbrot, flæði, tíma og rými fyrir greiningu og úrvinnslu. Of mikið kaos getur drepit sköpunarkraftinn, óreiða skapar óöryggi; og þegar listamaðurinn er óöruggur fer hann að endurtaka það sem hann kann eða þekkir í stað þess a skapa nýtt; í vantrausti skapast í ójafnvægi.“ [Mynd nr. 4]

Þorsteinn Bachmann - leikari

Hvernig finnst þér að hið fagurferðilega tengist verkefnastjórnun eða við verkefnastjórnann?

„Reynir maður ekki að þróa verkefni á þann hátt að það ekki aðeins heppnist heldur lífi? Það eitt að verkefnið skili hagnaði þýðir ekki endilega að það teljist vel heppnað. Sjónarmið til lengri tíma hafa vægi, að verkefnið nái settu markmiði en orðsporið jafnframt lífi. Sjálfbærni, auðmýkt, æðruleysi og einlægni má flokka undir fagurferðileg hugtök sem tengjast þessu ferli.“

„Michael Chekhov talar um „*the love in our profession*“, eða *ástina í starfi okkar og athöfnun*: leiktæknileg nálgun hans tengir *daglegt líf* okkar við sköpunargáfuna sem er hverju barni sjálfsagt og eðlilegt. Það má segja að Chekhov-tæknin tengi hið sammannlega við fagurferðið sem býr í hverju okkar sem gengur út á að nálgast verkefnin með léttum leik; á sama hátt karakterhlutverk eða þung alvarleg hlutverk leikarans. Aðferðin gengur út á að nálgast verkefnið eins og ævintýri af einlægni og auðmýkt. Innsæi og ímyndunarafli gengur út á að skapa eða framkalla viðeigandi andrúmsloft hverju sinni, „atmó“ sem byggir undir fagurferðileg hughrif sem útgeislunin loks framkallar. Aðferðin eða tæknin nær langt út fyrir leiklist. Það er skemmtilegra að takast á við lífið, til að mynda setja í þvottavélina eða ganga inn í rými fullu af fólki með virka útgeislun. Nálgun þessi er andleg; unnið er með fegurð og sálarkrafta, óáþreifanlega orku. Hinn dýpri veruleiki fangar hið fagurferðilega upplag eða skaphöfn í þessu samhengi.“

„Nálgun mín var lengst af mun alvarlegri og því fylgdi kvíði; ég var alltaf að hugsa hvort ég væri að gera rétt, eins og eitthvað eitt rétt væri til í sköpun. Sköpun verður að lúta náttúrunni. Chekhov benti nemendum sínum á að stúdera plöntur; sumar eru snúnar; aloe vera kaktusinn er til að mynda hvass og stingandi, aðrar jurtir opna sig eins og viðkvæmt blóm, birkíð er snúið, öspin er teinrétt. Fegurðin er allstaðar en við erum orðin svo aftengd náttúrunni; verkefnastjórnun í sinni neikvæðustu mynd nær húsbóndavaldi yfir náttúrunni, brýtur hana undir sig, verður meistari sköpunarverksins.“

Hver eru þau fagurferðilegu viðmið sem eiga erindi við verkefnastjórnun?

„Ég fann leikgleðina eftir að hafa numið fagurferðileg viðmið Chekhovs, þegar ég sleppti taki á hinni alltumlykjandi rökhugsun og þeirri fyrru að allt skuli *analíserað í drasl*, verði að vera hárrétt. Það sem blæs í mig andagift er leiðin að nálgast verkefnið líkt og barn í miðju ævintýri. Í raun er hægt yfirfæra fagurferðigildi og viðmið við sköpun karakterhluverka yfir á hvernig verkefnastjórninn nálgast verkefnin sín, jafnvel þar sem mörg verkefni eru undir yfir lengri tíma. Sérhvert listaverk býr yfir *léttleika* og *tilfinningu* fyrir heild. Það verður að vera ákveðin ró til staðar. *Formið* býr í tungumálinu; „*Í hvernig formi varstu þegar þú bjóst til verkefnið?*“ ... „*Í hvernig formi ertu?*“ Sigurður í Ófærð var ekki góðu formi, hvorki andlegu né líkamlegu, úttaugaður, en ég sem listamaður varð að vera í sérstaklega góðu formi. Og líkt og verkefnastjóri sem „jogglar“ með nokkur verkefni í einu þurfti ég að hafa tilfinningu fyrir *heildinni*. Á meðan ég lék hlutverk Sigurðar lék ég nokkur misstór hlutverki í millitíðinni, en upptökur stóðu yfir í heilt ár; bogi eða hending karaktarsins varð að vera órofin og á lífi allan tímann.“

„Skarpari tíðnisvið tengjast náttúrufrumefnunum, *vatni, eldi, ís og lofti*. Þau standa fyrir fagurferðileg viðmið sem gefa tilfinningu fyrir flæði, formi og heild. Verkefnastjóri ætti á sama hátt að ímynda sér sérhvert verkefni sem listaverk; hvers vegna ætti að hugsa það örðuvísi en listaverk, það besta og

flottasta af öllu? *Umbreytingin* er annað fagurferðilegt viðmið. Verkefnastjóri líkt og leikari verður að gera sér grein fyrir hvaða kraftar búa í náttúrunni. Hann verður að kanna þá án þess að hræðast þá og þá fyrst er hægt að umbreyta. Djúpt í okkur býr þráin til umbreytingar sem við leikarar gerum með karaktersköpun.“

„Móri í Vonarstræti er alger umbreyting á mér sjálfum. Mínir nánustu höfðu aldrei séð þennan mann áður, aldrei. Ég fór í gegnum ákveðið ferli skynveruleika; ég spurði mig „hvernig skynjar Móri veruleikann?“ Í hans tilfalli var frumefnið vatn; dóttir hans drukknar í vatni, það rignir í fyrstu senunni, allt er fljótandi í vatni. Andinn eða „atmóið“ sem ég bjó til er andrúmsloft fljótandi veruleika sem ég tengdi gegnum náttúruna, vökva, en þó sérstaklega frumefnið vatn.“ [Mynd nr. 5]

„Hjá Sigurði í Ófærð var frumefnið eldur. Allt var að brenna í kringum hann, rottur voru út um allt, jörðin var óstöðug, það voru náttúruhamfarir, hann var órólegur, hugurinn var alltaf að falla, hjartað var alltaf að falla en þá reyndi hann að kæla sig sem þýðir að hann var kaldur og freðinn; honum var alltaf kalt þó allt væri skíðlogandi í kringum hann, heimurinn að farast, rottur út um allt, en allt var þetta óápreifanlegt; þetta var hugformið sem ég valdi mér.“ [Mynd nr. 6]

„Karakterinn Hamm í Endatafli Becketts vorið 2015 var með frumefnið jörð: Hamm var harðstjóri sem var svo gróinn við jörðina að hann var orðinn blindur, gróinn við stólinn, hann gat ekki hreyft sig lengur, var þungur og svartsýnn eins og frekast má.“ [Mynd nr. 7]

Hvernig væri virðing fyrir þessum fagurferðilegu viðmiðum best tryggð í verkefnastjórnun (innan verkernastjórnarlegrar framvindu)?

„Önnur regla hljóðar svo; það verður að vera gaman. Það þarf að nálgast hvert verkefni sem ævintýri; fantasían og sköpunin verður að vera með, annars gæti verkefnið verið dauðadæmt. Virðing fyrir frumefnunum og anda staðarins verða að vera til staðar þegar verkefnastjórinn leiðir saman hóp fólks; *please don't toil with it, play with it* eða *ekki strita heldur leika*, voru einkunnarorð Chekhovs.“

„Fagurferðileg nálgun Chekhovs er byggð kringum innblásna athöfn (e. inspired performance); þú ert að skapa og umbreyta sem mætti kalla kjarnann í allri verkefnastjórnun. Verkefnastjórinn gæti lært af leikaranum að stilla skerpuna útávið undir þeirri iðju að umbreyta veruleikanum að öðru en hann er. Svo það sé hægt verður hann umbreyta sér fyrst áður en hann umbreytir öðrum eða öðru. Við þá umbreytingu er mikilvægt að leggja til hliðar neikvæða skynjun og einbeita sér að fegurðinni í fólkinu í kring, til dæmis samstarfsmönnum.“

5. UMRÆÐA OG NIÐURSTÖÐUR

Fegurðin er margbrotið fyrirbæri líkt og ljósið er hefur eiginleika bylgju og agna. Ef fegurð er beitt meðvitað í verkefninu sem jafnvægi ólíkra þátta, sem traust innan vinnuhópsins, og ef verkefnastjórinn er trúr sínu dýpsta fagurferði, þá opnast á milliliðalaus tengingu líkt og viðmælendurnir þrír lýstu. Þau eru *verkséð* og *hagsýn* hvað fegurð viðvíkur. Þau kunna að fanga óvissuna og halda leiðum opnum. *Ídeal* fegurðar, ef það er þá til, er hófsamt, ígrundað og raunsætt. Viðmælendurnir töluðu á hagnýtan hátt um atbeina fagurferðilegra viðmiða innan verkefnastjórnunar; þau nálgudust viðmiðin sem beina athöfn, verknað eða aðgerð án allra formlegheita svo sem fastheldni á form, siðareglu (ritúal) eða upphafningu.

Kristín tengir fagurferðið við lífssýn, breytni og atferli er liggur djúpt, það sem skynjar lífið milliliðalaust. Á sama hátt og fegurðin er tíðni hjá Auði Ómarsdóttur þá bæði skerpir og hækkar fagurferðið hjá Kristínu tíðnisvið skynfæranna.

Steinunn nefnir viðsnúninginn sem sem ferli umbreytingarmáttar fegurðar: *„Í sköpun er vinna með ljótleikann alveg eins áhugaverð og að vinna með fegurðina. Í sköpuninni eru ekki endilega einhver algild fagurfræðileg viðmið heldur gefur þú þér sem listamaður þínar forsendur. Þegar maður er að vinna með gróteskuna getur átt sér stað fagurferðilegur viðsnúningur sem þýðir að maður fer að sjá fegurðina í ljótleikanum. Listamaðurinn er ekkert alltaf að leita að fegurð; viðfangið, þar sem kjarni verkefnisins liggur, það sem þú ert að reyna að afhjúpa, verður viðmið fyrir það hvað sé gott eða eftirsóknavert, hvort sem það er gott eða ljótt í sjálfu sér.“*

Þorsteini er tíðrætt um fegurðina sem *innblásna athöfn* í tengslum við krafta náttúrunnar líkt og frumefnin, það býr fegurðin líkt og í eigin ferli umbreytingar því umbreytingin er djúpt í okkur öllum líkt og meðal annars hugtak Páls Skúlasonar *umhverfing* afhjúpar:

„Móri í Vonarstræti er alger umbreyting á mér sjálfum. Mínir nánustu höfðu aldrei séð þennan mann áður, aldrei. Ég fór í gegnum ákveðið ferli skynveruleika; ég spurði mig hvernig skynjar Móri veruleikann? Í hans tilfelli var frumefnið vatn; dóttir hans drukknað í vatni, það rignir í fyrstu senunni, allt er fljótandi í vatni. Andinn eða „atmóid“ sem ég bjó til er andrúmsloft fljótandi veruleika sem ég tengdi gegnum náttúruna, vökva, en þó sérstaklega frumefnið vatn.“

„Hjá Sigurði í Ófærð var frumefnið eldur. Allt var að brenna í kringum hann, rottur voru út um allt, jörðin var óstöðug, það voru náttúruhamfarir, hann var órólegur, hugurinn var alltaf að falla, hjartað var alltaf að falla en þá reyndi hann að kæla sig sem þýðir að hann var kaldur og freðinn; honum var alltaf kalt þó allt væri skíðlogandi í kringum hann, heimurinn að farast, rottur út um allt, en allt var þetta óáþreifanlegt; þetta var hugformið sem ég valdi mér.“

„Karakterinn Hamm í Endatafli Beckett vorið 2015 var með frumefnið jörð: Hamm var harðstjóri sem var svo gróinn við jörðina að hann var orðinn blindur, gróinn við stólinn, hann gat ekki hreyft sig lengur, var þungur og svartsýnn eins og frekast má.“

Þorsteinn er dæmi um mann sem fylgir í öllu mætti umbreytingar sem afli umsköpunar í tengslum við fag sitt, sviðsleik og persónusköpun. Umbreytingarmátt Þorsteins má færa yfir á verkefnastjórnann er tengir við krafta náttúrunar sem hann lærir að umgangast og virða í stað þess að hræðast, en til

Þess verður verkefnastjórinn í vissum skilningi að láta af stjórn. Hann verður að sýna æðruleysi og treysta innsæinu í félagi við rökvísina. Hann á ekki frekar en Þorsteinn á hættu að missa dómgreindina og því síður vitið því þvert á móti eru tengsl við element náttúrunnar stöðug, í jafnvægi og innblásin. Afhjúpunin sem á sér stað sem fagurferðilegur viðsnúningur innan sköpunarferlis Steinunnar kemur upp um hvað það er sem varðveitir kjarna verkefnisins.

Náttúran og umhverfið

Steinunn lýsir starfsumhverfi sínu sem verkefnasmiðju, sem vettvang allra sem koma að sköpun verkefnisins. Ef rétt er á haldið skapast kjöraðstæður fyrir handverk og hugverk: „Umhverfið hefur afgerandi áhrif á sköpunarkraft fólksins, en hlutverk leikstjórans líkt og verkefnastjóra er að leysa úr læðingi sköpunarkraft þeirra sem vinna við verkefnið. Ég er mjög meðvituð um þá þætti sem skapa örvandi umhverfi og góða stemningu.“

Hér myndast ákveðin aðferð innan hins skapandi ferlis; ferlið sjálft er skapandi í sjálfu sér; fegurð listaverksins fer saman við fegurð vinnuumhverfis sem lifandi þáttar hinnar eiginlegu verkefnalegu framvindu: „Máltíðin er einhverskonar ritual sem bindur fólk saman auk þess sem maturinn og samræðurnar orka á öll skilningarfærin. Á sama hátt hefur náttúran mjög örvandi áhrif á öll skynfæri og reynslan öll verður fagurferðileg sameign hópsins.“

Máltíðin vísar í sameiginlegar frumþarfir allra hlutaðeigandi í verkefninu; ef meðlimir verkefnateymis eiga erfitt með að tengja, þá er það máltíðin sem jarðtengir alla því við öll neytum fæðis og tengjumst frumefnum jafnt sem næringarefnum. Matarvísanir sem þessar minna á Jesú sem sýndi gegnum hungur og þorsta siðferðilega jafnt sem fagurferðilega rétt gildi, svo sem réttlæti, yndi, fegurð og góð-verk. Á þann innblásna hátt hefur Steinunn þróunarferli hvers verkefnis innan kjarna fegurðarinnar eða ljóssins, sem afturhvarf til hins skapandi afls náttúrunnar er skapaði manninn og þar af leiðandi öll mannanna verkefni, ekki öfugt.

Höfuðskepnur náttúrunnar, elementin, eru Kristínu og Þorsteini síður en svo framandi. Þau vinna með hringrás náttúru og treysta á endurkomu árstíðanna andstætt óvissuþátta línulegs ferlis verkefnastjórnunar. Þorsteinn: „Skarpari tíðnisvið tengjast náttúrufrumefnunum, vatni, eldi, ís og lofti. Þau standa fyrir fagurferðileg viðmið sem gefa tilfinningu fyrir flæði, formi og heild. Verkefnastjóri ætti á sama hátt að ímynda sér sérhvert verkefni sem listaverk.“

Fagurferðiviðmið Þorsteins minna á stef Páls Skúlasonar innan sjálfbærni eða góðri umhverfingu sem samsuðu auðmýktar og æðruleysis: „Checkhov benti nemendum sínum á að stúdera plöntur; sumar eru snúnar; alovera kaktusinn er til að mynda snúinn, aðrar jurtir opna sig eins og viðkvæmt blóm. Fegurðin er allstaðar en við erum orðin svo aftengd náttúrunni; verkefnastjórnun í sinni neikvæðustu mynd nær húsbóndavaldi yfir náttúrunni, brýtur hana undir sig, verður meistari sköpunarverksins.“

Kristín les með skerpu í eiginleika náttúrunnar til að draga fram spennu og hughrif gegnum víxlmyndir: „[V]íxlmynd er til að mynda spennu sem myndast af andhverfunni; náttúran hefur komið því við að ekkert er án skugga; sólin skín og myndar skugga, skín á eitthvað sem við túlkum sem fegurð en á sama tíma myndast skuggi sem gerir allar útlínur skarpari og við skynjum fegurðina betur. ... Línan þar sem skuggi og ljós snertist er þessi spennu sem ég minntist á. Sólin varpar ljósi á eitthvað sem er fagurt í náttúrunni, til að mynda blóm, en skugginn er óhjákvæmilega partur af því. Við ásjónu verks af einhveru sem er fagurt þá

skynjar áhorfandinn ekki fegurðina fyrr en hann hefur skynjað skort á fegurðinni, það er skugglið verksins."

Viðmælendurnir tengdu á einn eða annan hátt *frelsi* við *fegurð* í víðum skilningi, ekki aðeins innan vinnuanda og umhverfis. Kyrrstaða í eiginlegri og óeiginlegri merkingu fellur síður við lifandi fagurferði; að sjá fegurðina, eða enn frekar upplifa fegurðina í *hlutunum* er á við *ferðalag*. Þorsteinn líkir verkefnavinnunni á við *ævintýri*, að það eigi að vera gaman, vitandi að í trausti *fantasíunnar* fylgi innblásin athöfn. Þaðan er stutt í *fagurferðisveruna*, eða *gæskuna* sem Steinunni er hugleikin; vináttu og virðingu í jafnt snertingu sem orðum; fegurðin í hæstu hæðum, hið góða greiðir hinu *lífræna* leið innan ferla og ljær verkefninu ekki aðeins vandað handverk heldur góðverk.

6. LOKAORÐ

Skilgreining Platóns á *feegurð* sem *ídeal* fyrirmynd, sem einn þriggja afgerandi undipátta kosta og *gæða*, *hins góða*, ímynd fullkomnunar, fellur fljótt á litið vel að IPMA-markmiðum verkefnastjórnunar, hinni þríþættu mælanlegu skilgreiningu tíma, fjáráætlana og tilgangs verkefna. Sjónarhornið er hið sama, þriðja persóna, utanfrá.

Rannsóknin leiddi fram ýmsar ólíkar breytur er flækja heildarmyndina; þá stærstu manneskjuna sjálfa er stendur mitt í gerðinu og skilgreinir *feegurð* eftir smekk, tilfinningu og ástandi og stjórnast af athöfnum vitundar sinnar, reynslu og ætlan. Fyrirbærið væri þá ekki aðeins verkefnið og verkefnastjórinn heldur mismunandi horf (e. aspect); umhverfið, náttúran í kring, draumar og minningar svo eitthvað sé nefnt. Sem næstu skref tel ég einboðið að framkvæma ítarlega frumspekilega rannsókn út frá fyrirbærafræði á *feegurð* í samhengi verkefnis og verkefnasmíðar út frá sjónarhorni fyrstu persónu verkefnastjórans sem stjórnanda og leiðtoga. Aðeins á þann hátt komumst við nær hugmyndinni um *feegurð* sem kjarna mennskunnar, handan hinnar einföldu aðgreiningu milli þess huglæga og hlutlæga.

7. ÞAKKARORÐ

Ég vil þakka kennurum mínum Hauki Inga Jónassyni og Helga Þór Ingasyni fyrir tækifærið til nema fræðin undir styrkri handleiðslu. Hauki Inga þakka ég bæði skarpa og hvassa leiðsögn við þessa ritgerðarsmíð. Eins þakka ég Birni Þorsteinssyni heimspeking við Háskóla Íslands fyrir gefandi samræðu um efnistöð eftir einstigi rökhugsunar, og eins fyrir að ljúka upp glufu á hugmyndaheimi Páls Skúlasonar heimspekings.

Ég er einnig þakklátur foreldrum mínum Dóru Bates og Gísla E. Dagbjartssyni fyrir hlýju og stuðning.

HEIMILDIR

Rit

- Michael, Chekhov, *To the Actor: On the Technique of acting*, 2. útg. New York: Routledge, 2002.
- Halldór Laxness, *Atómstöðin*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1987.
- Monique Hennink, Inge Hutter, Ajay Bailey, *Qualitative Research Methods*, Los Angelis: Sage, 2011.
- Páll Skúlason, *Umhverfing: Um Siðfræði Umhverfis og Náttúru*. Reykjavík: Háskóli Íslands - Háskólaútgáfan, 1998.
- Sigurður Kristófer Sigurðsson, *Hrynjandi Íslenskrar Tungu*, 2. útg. Reykjavík: Dögun ehf., 1996.
- Eco, Umberto, *On Ugliness*. New York: Rizzoli International Publications, Inc., 2007.
- Juha, Varto, *The Art and Craft of Beauty*. Helsinki: University of Art and Design Helsinki, 2008.

Tímarit

- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, „Hugleiðingar um fegurð“, *HA – Rit um íslenska hönnun og arkitektúr*, ágú. 2015. [Rafrænt]. Af: <http://ha-mag.is/2015/08/27/thoughts-on-beauty-gudbjorg-r-johannesdottir/>, sótt 28. apríl 2016.
- Henry Alexander Henrysson, „Natura docet“, *Hugur*, árg. 23. maí. 2011.
- Ólafur Gíslason, „Múslimar og hestar á leiksviði listarinnar“, *Skírnir*, árg. 190, töl. vor, bls. 215 - 234, maí. 2016.

Ritgerðir

- Auður Ómarsdóttir, „Tíðni lífsins“, BA-ritgerð, Myndlistardeild, Listaháskóli Íslands, Reykjavík, 2013. [Rafrænt]. Af: http://skemman.is/en/stream/get/1946/15519/33030/1/Auður_Ómarsdóttir_-_T%C3%ADðni_l%C3%ADfsins_BA.-ritgerð_2013.pdf, Sótt: 28. apr. 2016.

Vefsíður

- Indro Candi, „Gæðakerfi í skapandi greinum“, 7. mar. 2016. [Rafrænt]. Af: <http://www.vaarkitektar.is/2014/10/gaedakerfi-i-skapandi-greinum/>, sótt 20. mar. 2016.
- Hlynur Helgason, „Milljón prósent menn“, 11. mar. 2010. [Rafrænt]. Af: http://fugl.is/hlynur_helgason/2010/03/milljon-prosent-menn.html, sótt 27. apríl 2016.
- Steinnunn Knútsdóttir, „Hugmyndafræði“, [Rafrænt]. Af: <http://ahugaleikhus-atvinnumanna.com/um-leikhusið>, sótt 27. apr. 2016.
- Íslenska alfræðiorðabókin - Snara.is. [Rafrænt]. Af: http://snara.is/bls/um/_alford.aspx, sótt 27. apríl 2016.

VIÐAUKI

Erkitýpur Carl Jung

Egótýpur

Sakleysinginn - *draumóramaðurinn* - *einfeldningurinn* - *sá leyndardómsfulli*

Mottó: Frjáls til að vera hann sjálfur eins og þú.

Grunnþörf: Að vera hamingjusamur.

Markmið: Að gera hlutina rétt.

Hræðist: Að vera refsað fyrir að gera eitthvað rangt.

Veikleikar: Leiðinlegur fyrir að vera bara venjulegur.

Hæfileikar: Trú og jákvæðni.

Munaðarleysinginn - *góða manneskjan* - *borgarinn* - *góði nágranninn* - *þögli meirihlutinn*

Mottó: Allir menn eru skapaðir jafnir.

Grunnþörf: Að tilheyra.

Markmið: Að skapa sér varanlegt traust fyrir lífinu. Dyggð.

Hræðist: Að vera skilinn útundan.

Veikleikar: Að missa samþykki fjöldans í og með athöfnum sínum.

Hæfileikar: Raunsæi, samúð, tilgerðarleysi.

Hetjan - *stríðsmaðurinn* - *sigurvegarinn* - *hermaðurinn* - *drekabaninn*

Mottó: Þar sem er vilji, þar er leið.

Grunnþörf: Að sanna sig í gegnum miklar raunir.

Markmið: Að vera eins sterkur og hann mögulega getur.

Hræðist: Veikleika, aumingjaskapur, varnarleysi.

Veikleikar: Hroki, verður alltaf að fara í nýtt stríð og vinna.

Hæfileikar: Hæfni, hugrekki.

Sá umhyggjusami - *dýrðlingurinn* - *foreldrið* - *stuðningsaðilinn*

Mottó: Elskaðu náungann eins og sjálfan þig.

Grunnþörf: Að vernda og sjá um aðra.

Markmið: Að hjálpa öðrum.

Hræðist: Eigingirni, vanþakklæti.

Veikleikar: Sjálfelska, að vera notaður.

Hæfileikar: Samúðarfullur, gjafmildi.

Sálartýpur

Landkönnuðurinn - *pílagrímurinn* - *leitandinn*

Mottó: Útþrá.

Grunnþörf: Frelsi til að kanna heiminn.

Markmið: Að upplifa betra, fylltara líf.

Hræðist: Að verða innlyksa.

Veikleikar: Vandæðagangur Óljós markmið.

Hæfileikar: Sjálfstæði, metnaður, samkvæmur sjálfum sér.

Byltingarmaðurinn - *brjálæðingurinn* - *pönkarinn*

Mottó: Reglur eru til að brjóta þær.

Grunnþörf: Bylting eða hefnd.

Markmið: Að bylta því sem er ekki að virka.

Hræðist: Að vera valdalaus og óvirkur.

Veikleikar: Glæpahneigð, að falla í ónáð.

Hæfileikar: Brjálæði, róttæklingur.

Elskhuginn - *vinurinn - lífspartnerinn - sá viðkvæmi*

Mottó: Þú ert sá eini / eina.

Grunnþörf: Nánd og reynsla.

Markmið: Að vera í sambandi við fólk og umhverfi sem þau elska.

Hræðist: Að vera einn, að vera ónauðsynlegur. Ekki elskaður.

Veikleikar: Þörf fyrir samþykki annarra. Ástsýki.

Hæfileikar: Ástríða, þakklæti, viðurkenning, skuldbinding.

Skaparinn - *listamaðurinn - frumkvöðullinn - draumóramaðurinn*

Mottó: Ef þú ímyndar þér það, þá gerist það.

Grunnþörf: Að búa til eitthvað magnað.

Markmið: Að skapa sér framtíðarsýn.

Markmið: Skapa menningarverðmæti.

Hræðist: Meðalmennsku og framkvæmdarleysi.

Veikleikar: Fullkomnunarþörf, vondar lausnir.

Hæfileikar: Sköpunargáfa, ímyndunarafl.

Sjálfstýpur

Fíflíð - *grínistinn - fávítinn - trúðurinn*

Motto: Þú lifir bara einu sinni.

Grunnþörf: Að njóta augnabliksins til fulls.

Markmið: Að skemmta sér og öðrum. Segja brandara, létta lund annarra.

Hræðist: Leiðindi. Að öðrum finnist þú leiðinlegur.

Veikleikar: Léttúð, tímaeyðsla.

Hæfileikar: Gleði.

Vitringurinn - *snillingurinn - leynilöggan - hugsuðurinn*

Mottó: Sannleikurinn frelsar þig.

Grunnþörf: Sannleiksleit.

Markmið: Að nota gáfur sínar til að greina veröldina.

Stefna: Að leita að nýjum fróðleika til að skilja.

Hræðist: Fávisku.

Veikleikar: Viska án framkvæmda.

Hæfileikar: Viska, gáfur.

Töframaðurinn - *shamaninn - heilarinn - lækurinn*

Mottó: Lætur hluti gerast.

Grunnþörf: Að skilja lögmál alheimsins.

Markmið: Að láta draumana rætast.

Stefna: Að skapa sýn og lifa eftir henni.

Hræðist: Ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Veikleikar: Að verða stjórnsamur.

Hæfileikar: Að finna sniðugar lausnir.

Stjórnandinn - *aristókratinn - kóngurinn - drottningin*

Mottó: Máttur er ekki allt sem þarf. Hann er það eina.

Grunnþörf: Stjórn.

Markmið: Að skapa velmegandi ríki og fjölskyldu.

Stefna: Sýna vald sitt.

Hræðist: Lýðræði. Að vera stjórnað af öðrum.

Veikleikar: Kaos. Að vera velt af stóli.

Hæfileikar: Ábyrgð, leiðtogi.



Mynd nr. 1

Kristín Gunnlaugsdóttir – Rautt veggteppi

úr myndaflokki *Undir rós* 2011

„Ég vinn einungis með rökhugsun sem blekkingu eftir á til að mynda í rauða veggteppinu; hugur áhorfandans byrjar á að fyllast af skoðunum eftir að hann áttar sig á hvað gengur á; hann fjarlægist upprunalegu skynjun sína og festist í neti eigin skoðana og fordóma, en eftir að síbylja rökhugsunar gengur yfir nálgast áhorfandinn aftur upprunalega skynjun sína upprunalega skynjun sína.“



Mynd nr. 2
Steinunn Knútsdóttir
Áhugaleikhús atvinnumanna
úr verkinu *Samhengi hlutanna*

Fagurferðileg viðmið innan sköpunarferlis birtast meðal annars í „*jafnvægi*“, „*mótvægi kontrapunktsins*“ og „*rýmisdýnamík*.“



Mynd nr. 3
Steinunn Knútsdóttir
Áhugaleikhús atvinnumanna

Virðing fyrir fagurferðilegum viðmiðum vinnuhópsins byggir á „trausti“, „manngæsku“ og „hlýju“. Eins „vináttu og virðingu í framkomu [jafnt með] snertingu og orðum.“

„Það er mér mikilvægt að samstarfsfólk mæti með bestu útgáfuna af sjálfum sér, þá skipta máli mjög grundvallandi hlutir eins og að þú sért hrein og snyrtileg til fara; fegurðin, öll þau atriði sem skynjunin kveikir hefur þýðingu í nánú samstarfi leikara á sviðinu.“



Mynd nr. 4
Steinunn Knútsdóttir
Áhugaleikhús atvinnumanna

Náttúran í verkefninu; verkefnið sem skipulag lífrænnar verkáætlunar holdgast á
Kanban-vegg verkefnastjórans:
*„Ferlið býr yfir dramatúrgíu sem felur í sér stígandi og takt, uppbot, flæði, tíma
og rými fyrir greiningu og úrvinnslu.“*



Mynd nr. 5
Þorsteinn Bachmann
Móri í *Vonarstræti*, 2014

„...ég spurði mig hvernig skynjar Móri veruleikann? Í hans tilfelli var frumefnið vatn; dóttir hans drukknar í vatni, það rignir í fyrstu senunni, allt er fljótandi í vatni...”



Mynd nr. 6
Þorsteinn Bachmann
Sigurður í *Ófærð / Trapped*, 2015

„...jörðin var óstöðug, það voru náttúruhamfarir, hann var órólegur, hugurinn var alltaf að falla, hjartað var alltaf að falla en þá reyndi hann að kæla sig sem þýðir að hann var kaldur og freðinn; honum var alltaf kalt þó allt væri skíðlogandi í kringum hann, heimurinn að farast, rottur út um allt...”



Mynd nr. 7
Þorsteinn Bachmann
Hamm í *Endatafl / Endgame*
e. Samuel Beckett
Tjarnarbíó 2015

„Karakterinn Hamm í Endatafli Beckett vorið 2015 var með frumefnið jörð: Hamm var harðstjóri sem var svo gróinn við jörðina að hann var orðinn blindur, gróinn við stólinn, hann gat ekki hreyft sig lengur, var þungur og svartsýnn eins og frekast má.“

(mynd: Geirix)